



Umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

10. maí 2019

Húsnæðismál forsætisráðuneytisins og Stjórnarráðsins – Deiliskipulagsafmörkun

Framkvæmdasýsla ríkisins fyrir hönd forsætisráðuneytisins stóð á árinu 2018 fyrir samkeppni um hönnun 1.200 m² viðbyggingar við Stjórnarráðshúsið við Lækjargötu. Niðurstöður samkeppninnar voru kynntar í desember á síðasta ári og fékk teiknistofan Kurt og Pí ehf fyrstu verðlaun.

Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir lóð Stjórnarráðshússins og reyndar ekki fyrir allan reitinn sem markast af Lækjargötu, Hverfisgötu, Ingólfsstræti og Bankastræti. Forsætisráðuneytið fyrirhugar að láta vinna deiliskipulag fyrir lóð Stjórnarráðshússins í samvinnu við borgaryfirvöld.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 skal afmörkun deiliskipulagssvæðis jafnan miðast við að deiliskipulagið taki til svæðis sem myndi heildstæða einingu. Í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 bætist við til frekari skýringa að á svæðinu sé sama landnotkun og það afmarkað af götum. Það má því segja að fyrir því séu ákveðin rök að deiliskipulag fyrir lóð Stjórnarráðshússins nái yfir allan reitinn milli gatna. Á móti kemur að landnotkun er ólík og lóð Stjórnarráðshússins sker sig úr. Ef gera á deiliskipulag fyrir allan reitinn eru fjölmargir ólíkir hagsmunir sem taka þarf tillit til og ekki á færi forsætisráðuneytisins eða Framkvæmdasýslu ríkisins að meta þá og samræma. Einnig er vert að vekja athygli á því að gerð deiliskipulags fyrir allan reitinn er að öllum líkindum tímafreakara en afmarkað deiliskipulag fyrir lóð Stjórnarráðshússins.

Það er því ósk Framkvæmdasýslu ríkisins fyrir hönd forsætisráðuneytisins að Reykjavíkurborg heimili að ráðist verði í gerð deiliskipulags fyrir lóð Stjórnarráðshússins. Það verður að sjálfsögu unnið í fullu samráði við borgaryfirvöld og næstu nágretta.

Örn Baldursson
Sviðsstjóri frumathuguna og áætlunargerðar
Framkvæmdasýslu ríkisins

Afrit: Forsætisráðuneytið, Óðinn H. Jónsson, skrifstofustjóri, skrifstofa fjármála

Forsætisráðuneytið, Stefán Thors

Fjármála- og efnahagsráðuneytið, Hannes Fr. Sigurðsson, sérfræðingur, skrifstofu stjórnunar og umbóta